

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, Fáskrúðsfjörður.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 6. október 2010 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 frá 24. ágúst 2009.

Breytingin felst í eftirfarandi:

1. Iðnaðar- og hafnarsvæði H4/I3 og H3/I1 minnka. Athafnasvæði A2 stækkar og breytist í blandað athafna- og verslunar- og þjónustusvæði A2/V2. Fyrirhugað er að flytja „Franska spítalann“ á lóðina neðan við læknisbústaðinn á Hafnargötu 12 og reka þar hótél og veitingasölu.
2. Miðsvæði M1 stækkar til suðurs, á kostnað iðnaðar- og hafnarsvæðis H3/I1 þar sem fyrirhugað er að gamalt verslunarhús við Búðaveg 13 verði gert upp og breytt í íbúðarhúsnæði. Óbyggður grasbakki sem skilur að Búðaveg og Hafnargötu breytist úr H3/I1 og sameinast aðliggjandi íbúðarsvæði Í2.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun gert tillögu til ráðherra um staðfestingu.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 6. október 2010.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Íris Bjargmundsdóttir.*